

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 242/2018

2021/EES/62/21

frá 5. desember 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/720 frá 29. apríl 2015 um breytingu á tilskipun 94/62/EB að því er varðar að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 7. lið (tilskipun ráðsins 94/62/EB) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32015 L 0720:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/720 frá 29. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) 2015/720, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 11.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.